

6. mars 2017 kl: 17:00



## Stjórnarfundur Foreldrafélags Giljaskóla.

Mættir: Berglind Bergvinsdóttir, Elín Eyjólfsdóttir, Guðbjörg Björnsdóttir, Ásrún Hersteinsdóttir og Ingunn Ósk Svavarsdóttir. Birna Baldursdóttir fjarverandi.

Mál sem tekin voru til umræðu:

1. **Fundargerð skólaráðsfundar.** Ingunn fulltrúi stjórnar foreldrafélagsins fer yfir síðustu fundargerð skólaráðsfundar.
2. **Leikhópurinn Lotta.** Verið að finna góða dagsetningu fyrir sýningu, Ella sér um að vera tengiliður foreldrafélagsins.
3. **Símareglur.** Stjórn foreldrafélagsins þrýstir á stjórnendur skólans með að setja skýrar reglur um símanotkun nemenda í skólanum. Tillaga stjórnar foreldrafélagsins er að notkun síma sé óheimil á yngsta og miðstigi í skólanum og að unglingastig hafi síma í töskum nema með leyfi kennara.
4. **Nestismál í skólanum.** Foreldrafélagið veltir því fyrir sér hvort hægt sé að setja einhverjar reglur eða senda skýrari tilmæli til foreldra/forráðamanna hvað varðar óhollt nesti.
5. **Fyrirlestur út frá bókaröðinni; *Hvað get ég gert.*** Árný Ingvarsdóttir höfundur býður upp á fyrirlestur í mars fyrir foreldra grunnskólabarna í skólanum. Guðbjörg og Ásrún bera þetta upp á fundi Samtaka hvort þeir séu til í að taka þátt í kostnaði og sameina fyrirlestur fyrir skóla.
6. **Hugmyndir fyrir áhugaverðan viðburð fyrir miðstig.** Okkur vantar hugmyndir fyrir áhugaverðan viðburð með einhverskonar forvarnargildi til að koma í skólann fyrir miðstig.
7. **Aðalfundur foreldrafélags Giljaskóla.** Aðalfundur foreldrafélags Giljaskóla verður haldinn þriðjudaginn 23. maí klukkan 19:30. Nánar auglýstur síðar.

Næsti stjórnarfundur verður mánudaginn 24. apríl klukkan 17:30.

Fundaritari: Berglind Bergvinsdóttir